

Fundur þjóðhagsráðs á Þingvöllum 17.febrúar 2021
Umræður um stöðuna á vinnumarkaði

Töflufundur með aðilum þjóðhagsráðs um stöðuna á vinnumarkaði, vinnumarkaðsúrræði og hvað er framundan

Þátttakendur: Katrín Jakobsdóttir, Bjarni Benediktsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ásgeir Jónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Drífa Snædal, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ragnar Þór Pétursson, Halldór Benjamín Þorbergsson

Umræðustjórn: Benedikt Árnason

Farnar voru þrjár umferðir í umræðunum. Hver fulltrúi ræðir **megin áhersluatriði** varðandi hvern umræðupunkt og hefur **eina mínútu** í hverjum hring.

Hér að neðan má finna samantekt þeirra atriða sem þátttakendur lögðu áherslu á.

1. Umferð - Staðan

- Hvaða hópar á vinnumarkaði og atvinnugreinar verða verst úti í kjölfar Covid?
- Hvernig sjáið þið stöðuna þróast. Á þessu ári. Til lengri tíma?

Hópar sem verða verst úti:

- **Með og án atvinnu** - Staðan mjög tvískit
 - Margir á vinnumarkaði líka í erfiðri stöðu – Fjórðungur launafólks nær ekki endum saman
 - Helmingur atvinnulausra nær ekki endum saman
- **Almenni og opinberi vinnumarkaðurinn** – mjög ólík staða
- **Konur** – álag verið mikið
- **Ungt fólk**
 - Áhyggjur af þeim sem hvorki eru í námi né vinnu
 - Covid kynslóð má ekki verða til
 - Lendir í samkeppni við erlent vinnuafli – engin ný störf að skapast – líkt og 1990
- **Aðflutt vinnuafli**
 - Er sveigjanleiki erlends vinnuafli minni – hvaða áhrif hefur það á íslenskan vinnumarkað?
 - Reiðum okkur mikið á erlent vinnuafli – skapar það áhættu fyrir samfélagið
 - Margir innflytjendur eiga erfitt fjárhagslega og í menntakerfinu – samfélagið ekki náð að halda í við þróun og tryggja aðlögun
- **Búseta/landssvæði** – Mikill munur - Suðurnesin í sérflokki
- **Harkarar** – þeir sem starfa í ótryggum/óhefðbundnum ráðningarsambönum
- **Leigjendur** - margir í viðkvæmri stöðu
- **Börn** – huga þarf að stöðu þeirra

Atvinnugreinar sem verða verst úti:

- Ferðaþjónustan
 - Markaðssetning á landinu mun miklu máli hvernig til tekst
- Önnur starfsemi tengd erlendum gestum
- Skapandi greinar - Menning og listir
- Landbúnaður – Matvæla/kjötframleiðsla
- Íþróttir

Áskoranir:

- Þróunin áfram ræðst af bóluefni – ekki nema að takmörkuðu leiti undir okkur komin
- Heilsufarslegar áskoranir – eftirköst veirunnar og andleg líðan fólks
- Tengsl heilsu og tekna – þarf að skoða samhengi betur

2. Umferð - Aðgerðir

- Hvernig gagnast þær aðgerðir sem gripið hefur verið til?
- Hverju þarf að huga að næst?

Hvernig gagnast aðgerðir:

- **Margar góðar aðgerðir** – gagnast fyrirtækjum til að koma í veg fyrir uppsagnir og gjaldþrot
 - Áhyggjur af aukinni skuldsetningu fyrirtækja
- **Efnahagsaðgerðir** heilt yfir heppnast vel
 - Þarf að styðja við góð fyrirtæki sem geta reist sig fljótt við – varðveita þekkingu og reynslu
 - Sjálfvirkir sveiflujafnarar fengið að virka til fulls – kerfin látin virka
- **Þekkingar og nýsköpunargreinum** – gróska og áhersla á að styðja við til að fjölga stoðum
- **Vexti og gengi** - Lækkun vaxta og takmörkun á gengislækkun – hefur stutt við lífskjör og samkeppnishæfni
- **Hlutabætur** gagnast vel
 - Skilyrði þó ekki verði nægileg
- **Sóttvarnaaðgerðir** tekist frábærlega

Hverju þarf að huga að næst:

- **Atvinnuleysistryggingar**
 - Þeir sem missa bótarétt – þarf að tryggja stuðning
 - Lengja bótatímabili og tekjutengingu
 - Efla vinnnumarkaðsaðgerðir
 - Skert sumarfrí hlutabótahópsins
 - Atvinnuleysistryggingar ekki gagnast sjálfstætt starfandi sem skyldi
- **Menntaúrræði** þurfa að nýtat
- **Atvinna** - Mikilvægast að koma fólki í vinnu
 - Ráðningarstyrkir – þarf að hvetja fyrirtæki til að nýta – koma í veg fyrir neikvætt umtal
 - Ferðapjónustan verður áfram lykilegrein
 - Atvinnuleysið má ekki verða langvarandi
- **Heilsufar- og félagslegar afleiðingar**
 - Endurhæfing – hvernig reiðir fólki af
 - Álaga á heilbrigðisstarfsfólk verið mjög mikið – framlínufólk útkeyrt
 - Félagsleg einangrun – mikil áhrif á ákveðna hópa
- **Barnafólk, leigjendur og heimili í fjárhagserfiðleikum** – styðja betur
 - Húsnæðis- og barnabætur - efla
- **Fjárfesting hins opinbera** – þarf að auka
- **Sveitarfélög geti sinnt hlutverki sínu** – Betra samspil ríkis og sveitarfélaga
- **Draga úr stuðningi** - Næsta áskorun hvernig dregið verður úr stuðningi þegar hagkerfið kemst í gang – en mögulega hópar og fyrirtæki enn í vanda
- **Tryggingagjaldið** – endurskoða uppbyggingu og fjármögnun þeirra kerfa sem því er ætlað að standa undir eftir tvær stórar dýfur
- **Félagslegur stöðugleiki** – þarf að tryggja að spenna milli hópa í samfélaginu aukist ekki – hætta á útlendingaandúð og átökum

3. Umferð - Framtíðin

- Hvaða tækifæri höfum við til atvinnu- og verðmætasköpunar til að byggja upp góð lífskjör til framtíðar?
- Hvað þarf til þess að þau geti orðið að veruleika?

Styrkleikar:

- Nýsköpun
- Gagnsæi
- Lýðræði
- Lífskjör og þjónusta heimsmaelikvarða – höfum tækifæri til þess
- Peninga- og ríkisfjármálastefna vinna í fyrsta sinn saman – lyklatrið að takist áfram
- Efnahagslegur- og pólitískur stöðugleiki – þarf að viðhalda
- Almannaþjónusta – mikil verðmæti
- Vel menntuð þjóð
- Öflugt heilbrigðiskerfi
- Sveigjanleiki og aðlögunarhæfin – lært að gera margt með nýjum hætti á skömmum tíma
- Lega landsins góð – drögum að okkur ferðamenn
- Landrymi nægjanlegt

Tækifæri til framtíðar:

- **Loftslagsmál** – Nýta tækifærið til að gera hlutina með nýjum hætti
- **Nýsköpun** hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu – Opinberar fjárfestingar séu sjálfbærar og grænar
- **Þekkingar- og hugverkaiðnaður** – sóknarfæri sem verður að nýta til að fjölga störfum
 - Horfa til menntunar og skattalegra hvata
 - Fleiri stoðir sem skapa störf fyrir menntað fólk
- **Auðlindir** – mikil tækifæri til að nýta og skapa verðmæti
 - Fiskeldi
- **Byggjum tækifærin á sama grunni** og áður – ferðaþjónustan
- **Opinber þjónusta** er líka verðmætaskapandi – ekki tala niður
- **Nýta allt landið** með markvissari byggðarstefnu – þannig aukum við framleiðni
- **Stór kerfi þarnast endurskoðunar** – tækifæri til endurbóta og getur skapað störf
 - Dæmi rammaáætlun og samskipti á vinnumarkaði þar sem skapa þarf traust og draga úr átökum til að fæla ekki frá fjárfesta
- **Samstaða um framtíðarsýn**
- **Ríkisfjármála- og peningastefnan sinni sínu hlutverki.** Ríkið einbeiti sér að tekjudreifingu og innviðafjárfestingu en SB nái að hvetja kerfið með peningastefnunni – hlutverk hvors aðila sé skýrt
- **Betri, réttlátari vinnumarkaður** – setja ríkari kröfur til að flytja ekki inn félagslega undirboð í ferðaþjónustu – ekki bara skapa störf – heldur góð störf
- **Erlent vinnuafli vannýtt auðlind** – 40% útlendinga á vinnumarkaði með Háskólapróf
- **Opna landið** upp á gátt fyrir fólk sem vill koma hingað – fjölgun um 3,5% ári þá verðum við 1 milljón 2050
 - Laða að það fólk sem við viljum fá til landsins
- **Bæta húsnæðismarkaðinn**

- Húsnæðisöryggi fyrir alla
- Dreifa fólki betur um landið – ef allir á sv-horni verður húsnæðisverð þar of hátt
- **Traust og meiri sátt**
 - Gengið vel sóttvarnaraðgerðir – nú þarf að byggja upp traust t.d. á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði – þá skapast ótal tækifæri
 - Margar áskoranir líka fyrir Covid sem eru enn til staðar
 - Mikil heift og neikvæðni í umræðunni eyðileggja fyrir okkur og koma í veg fyrir árangur
 - Hópar sem ekki eru ávarpaðir í umræðunni – upplifa afskipaleysi t.d. konur undir miklu álagi, eldra fólk og tekjulágt